

eigi að kosta alla unglingskólana, þessa, sem eiga að veita barnafræðsluna á unglingsárunum, því að það tók hann fram í „Vísí“ 13. mars, að ekki væri svo sem nauðsynlegt, að hafa fengið neina undirbúningsfræðslu undir unglingskólanámið. Þetta virðist fremur benda á, að undir niðri sé nú maðurinn jafnaðarmaður, í fræðslumálunum að minsta kosti, eins og við síra Jóhannes. Og að það sé alvara hans, að ríkinu beri að styrkja fræðsluna og kosta hana að einhverju leyti, sést enn fremur á því, að hann taldi ekki úr vegi, að Hjarðarholtsskólinn fengi styrk úr ríkissjóði. Að sá styrkur varð svo „lúsar-nirfilslegur“, sem hann kveður hann verið hafa, veit eg ekki af hverju hefir stafað; máske fjárveitingarvaldið hafi hugsað sem svo: Sjálfur leið þú sjálfan þig. (Niðurl.)

Sigurður Jónsson,
kennari.

„Óhæfa“

Ein hver „Ósnikinn“ er að senda mér tóninn í grein, sem nefnist „Óhæfa“ og birtist í Alþýðublaðinu síðastl. laugardag. Nafnið á vel við greinina og höfund hennar, er sjáanlega ætlar, að hjá öllum mönnum búi sömu hvatir og í hans eigin brjósti, og má þó slíkt óhæfa heita.

Höfundur „Óhæfunnar“ hneyxlast á auglýsingu frá mér, sem nýlega birtist í Vísí. Án þess að vita skapaðan hlut um tilgang minn með þessari auglýsingu, eys hann mig auri hinna verstu fátýrða, og telur auglýsinguna ljósan vott um fátæma fúlmensku og ósvífni. Raunar er mér alveg sama, hvað „Ósnikinn“ eða hans líkar, segja um mig og minar gerðir, en til þess að góðir menn og gætnir viti ger um tilgang minn með nefndri auglýsingu, vil eg sýna hann með nokkrum orðum.

Allir vita um atvinnuleysið, sem hér hefir verið í vetur. Engi hefir hrópað herra um afleiðingar þess en Alþýðublaðið. Þá sjaldan eg hefi lesið það, hafa í því staðið átakanlegar lýsingar um bágindi, sem atvinnulaust fólk líði hér í bænum. Þetta hefir mér þótt trúlegt. Eg veit, af eigin reynd, hve ált er að vera svangur, og eg hefi nokkuð ljósa hugmynd um, hve óbærilegt er að vera iðjulaus um lengri tíma. — Eg er ekki svo efnum búinn, að eg geti veitt mönnum vinnu og greitt þeim kaup svo nokkru nemi. Samt datt mér í hug, að eg gæti gert greiða einhverjum iðjusömum manni, sem nú kynni að ráfa um iðjulaus og máske svangur, með því að lofa honum að mylja fáeina steina, sem liggja hér kring um húsið. Þó ekki væri hægt að bjóða annað en fæðið þá daga, sem unnið væri — og það, að losna þær stundirnar við drepanði leiðindi iðjuleysisins

— vissi eg, að starfhneigðum mönnum mundi þykja það betra en ekki. Mér kom aldrei til hugar að bjóða þetta út sem atvinnu og allra sist slíka, að af henni mætti lifa „daga, vikur eða mánuði“, eftir að verkinu væri lokið. Ekki var það heldur hugsunin að „sníkja“ vinnu, því steinarnir hér í kring, eru mér ekkert til boga og sjálfur á eg alhægt með að vinna á þeim, þegar tími vinst til frá öðrum störfum.

Enn hefir enginn mér vitanlega spurst fyrir um þessa vinnu. Mér þykir vænt um það, því af því þykist eg mega ráða, að enginn heidarlegur iðjumaður hér í bæ, sem hefir óbundnar hendur, sé nú vinnulaus, um slæpingjana er mér sama. Þó þessi „Ósnikinn“ spyrði um vinnuna, tel eg það náttúrulega ekki; hann segist líka hafa gert það í alt öðrum tilgangi en þeim, að vinna og fer hann þar sjálf-sagt með rétt mál.

Frekar svara eg ekki „Óhæfunni“ hans „Ósnikins“; en tvö ráð vildi eg mega gefa hontum að lokum:

1) Kynnið yður ofurlítið málefni áður en þér skrifið um þau opinberlega, jafnvel þó þér ætlið að skrifa um þau af „óhæfilegri fúlmensku“.

2) Verið ekki frammar sá heigull, að þora ekki að setja nafn yðar undir ritsmíðar yðar, þó ljótar séu, og skrifið aldrei frammar bak við dularnafn, líkt og forðum Björn í Mörök að baki Kára.

27. mars 1922.

Eliás Bjarnason.

Athugasemdir.

Út af ummælum sr. Haraldar Nielssonar, sem birt voru í blaðinu í fyrradag, bið eg Vísí að flytja þessar athugasemdir:

1. Erindi það, er sr. H. N. flutti á Eskifirði 1918, og gert er að umtalsefni í fyrirlestri mínum „Andkristni“, hefi eg aldrei nefnt „prédikun“, heldur ræðu. Skiftir þetta auðvitað litlu; en prófessorinn hefir þóst þurfa að vikja þannig við orðum mínum, til þess að geta reist á þeim ásökun. Hins vegar sé eg ekki, að það sé miklu sæmilegra að tala óvirðulega um biblíuna í „fyrirlestri“, sem fluttur er í kirkju, en í venjulegri prédikun.

2. Þau eru einmitt í fjallræðunni, ummælin, sem prófessorinn hneykslaðist mest á, sem sé þessi: „Sannlega segi eg yður: þangað til himinn og jörð líða undir lok, mun ekki einn smástafur eða einn stafkrókur lögmálsins undir lok líða, uns alt er komið fram.“ En eg fullyrði, að hvorki í fjallræðunni né annarstaðar finnist stafur fyrir því, að Jesús hafi „rifið niður“ lögmálsboðorðið gamla (sem hér var sérstaklega um að ræða), um að halda helgan hvíldardaginn.

Andmæli hr. próf. S. P. Sívertsen gegn því, sem eg hélt fram

um gildi trúarjátningarinnar, eru harla léttvæg. Það sannar lítið, þótt nýguðfræðingar hafi á einhverjum „umræðufundi“ haldið fram annari skoðun en þeirri, sem Einar próf. Arnórsson leiðir skýr rök að í Kirkjuréttinum. Það er líka alkunnugt, að Helgisíðabókin var „lögud í hendi“ af nýguðfræðingum. Og ritgerðirnar í Skírni, sem S. P. S. vitnar til, eru sömu-leiðis eftir nýguðfræðinga, sem ekki eru óvilhallir dómamar í þessu máli. — En til áréttingar því, sem segir í Kirkjuréttinum um gildi trúarjátningarinnar, vil eg benda á ummæli C. Skovgaard-Petersens um sama efni, í hinna ágætu bók hans: „Erfaringer fra Prækestolen“ bls. 49—50.

Árni Jóhannsson.

Bjarnarfréttir.

Messur á morgun.

Í dómkirkjunni kl. 11 síra Jón. Þorkelsson; kl. 5 síra Bjarni Jónsson.

Í frikirkjunni í Hafnarfirði kl. 1 eftir hádegi Ól. Ólafsson, og í frikirkjunni í Reykjavík kl. 5 síðd. síra Ól. Ól.

Í Landakotskirkju kl. 9 f. h. há-messa, og kl. 6 e. h. guðspjónusta með prédikun.

Landhelgisbrof.

Franski bótnevörpungurinn, sem Islands Falk tók að ólöglegum veiðum í landhelgi, var dæmdur í 10 þúsund króna sekt í morgun, en affli og veiðarfæri upptækt. — Skipstjóri kveðst ætla að áfrýja þessum dómi.

Dr. Helgi Péturss

varð fimtugur í gær. Íþróttamenn fögnuðu honum úti fyrir Mensa Academica í gærkveldi og færðu honum nokkurt fé að gjöf, en prófessor Guðm. Finnbogason flutti honum ræðu. Dr. Helgi svaraði og þakkaði íþróttamönnum fögrum orðum. Á stúdentafundi flutti Bjarni Jónsson frá Vogu ræðu fyrir minni doktorsins, sem síðan flutti skörulegt erindi. Síðar töluðu þeir Sigurjón Pétursson og Vilhjálmur P. Gíslason. Að lokum fylgdu menn dr. H. P. heim og kvöddu hann með húrrahrópum. Þakkaði hann sæmd þá er honum hafði sýnd verið og var hinn glaðasti. Munu allir viðstaddir lengi minnast þessa kvölds með mikilli ánægju.

Lagarfoss

fór í morgun áleiðis til Englands. Meðal farþega var Edvard Helgason.

Aðalfundur íþróttasamb. Íslands

verður haldinn á sunnudaginn kemur, í Bárubúð, kl. 2 e. h. Fulltrúar eru beðnir að mæta stund-vislega og með kjörbréf.

Baðhúsið

er nú aftur opið frá kl. 8 árd. til kl. 8 síðd.

Leiðrétting.

Fallið hefir úr ræðu Páls Kolka „og“ á milli vit-aðall og intellektuelt proletariat“. Þessa er beðið að minnast.

Skákþingið

hefst kl. 1 á morgun.

„Ímyndunarveikin“

leikin annað kvöld, sjá augl.

Magnús Kjaran

kom frá útlöndum í gær, með es. Díana. Hann hefir verið erlendis á þriðja mánuð, og lengst af í Þýskalandi. Segir hann þar gott að vera, nægtir af öllu, noga vinnu og almenna vellíðan að því er séð yrði. En áhuggjufulla segir hann Þjóðverja um framtíðina.

Tóbaksbindindisfél. Rvíkur.

Vegna aðalfundar í S. Í. á morgun, getur næsti fundur félagsins ekki orðið fyrir en á pálmásunnudag, 9. apríl.

Íþróttafélagar!

Æfing í fyrramálið, frá leikfinnishúsi mentaskólans kl. 9½.

Árman.

Félagar munið eftir úti-æfingu í fyrramálið kl. 9½.

Erlend mynt.

Khötn 31. mars.

Sterlingspund . . .	kr. 20.75
Dollar	— 4.75
100 mörk, þýsk . . .	— 1.60
100 kr. sænskar . . .	— 123.40
100 kr. norskar . . .	— 84.15
100 frankar, franskir	— 42.80
100 frankar, svíens. .	— 92.35
100 lírir, ítalskar . .	— 24.40
100 pesetar, spáav. .	— 73.75
100 gyllini, holl. . .	— 179.60

(Frá Verslunarráðinu).

Útdráttur

úr reglum fyrir

Upplýsingaskrifstofu Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

Tilgangur skrifstofunnar er:

- að útvega þeim er þess æskja sem fylstar og áreiðanlegastar upplýsingar, um nám við erlenda háskóla og aðra æðri skóla, vísindag og listastofnanir, fyrirkomulag þeirra, inntöku og notkunarskilyrði, lög og námsáætlanir o. fl. þ. h.; enn fremur upplýsingar um námsskeið.
- greiða eftir megni götu Íslendinga sem utan fara til náms, vísinda- eða listaiðk-ana.
- útvega íslenskum og erlendum náms- og vísindamönnum og stofnunum, er þess æskja, sem áreiðanlegastar